

093/01 - Ýmir HF-343

Ýmir HF-343, skipverji fær sápulút í augu við háprýstipvott

Ýmir HF-343

Skipaskr.nr.: 1880

Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1988 Stál

Stærð: 541,00 brl; 1.225,00 bt

Lengd: 52,96 m **Breidd:** 12,10 m **Dýpt:** 7,50 m

Vél: Wertsila 2.005,00 kW **Árgerð:** 1988

Annað:

Földi skipverja: 26



Atvikalýsing

Þann 25. júlí 2001 var Ýmir HF-343 að veiðum um það bil 20 sml. SV af Eldeyjarboða. Veður: Hægviðri.

Kl. 03:45 var skipverji við háprýstipvott á vinnsluþilfari með sápulegi. Setja þurfti sápulög á kvoðukút og átti að hella honumum trekt í kútinn. Skipverjinn tók þrýsting af kútnum og opnaði upp í trektina. Skipti þá engum togum að lúturinn, sem eftir var í kútnum, kom af fullum þrýstingi í andlit hans og augu.

Skipverjinn reyndi sjálfur að skola augu og andlit og var vatnsbaði beitt í u.þ.b. 30 mínútur, en síðan voru augun skoluð úr saltlausn að læknisráði.

Við rannsókn kom fram

- að tveir lokar voru á lögninni frá kútnum að trektinni;
- að lokinn við trektina var kúluloki og lokinn við kútinn var einstefnuloki, "öryggisloki" stilltur þannig að hann varnaði að sápulúturinn gæti farið úr kútnum upp í trektina undir þrýstingi;
- að þrýstilofti var hleypt af kerfinu og þrýstingur tekinn af, að álit skipverja;
- að kúlulokinn var opnaður og þá var þrýstingur enn á kútnum;
- að einstefnulokinn hélt ekki þeim þrýstingi, eins og hann átti að gera sem öryggisbúnaður og sápulúturinn spýttist upp úr kútnum í andlit skipverjans;
- að lúturinn var af "ætt" F.P.C. háþróaðra sápu efna vel sótthreinsandi og sérstaklega ætandi, einkum ætlað til að vinna á lífrænum óhreindum (holdi dýra);
- að seinna kom í ljós að einstefnulokinn við kútinn var bilaður og hleypti af honum þegar kúlulokinn var opnaður inn í trektina.
- að sögn slasaða er hann með skerta sjón á öðru auga eftir slysið;
- að framleiðandi tækjanna afhenti með þeim leiðbeiningar um meðferð og umgengni, sem líta má á sem verklagsreglur, sem að sögn skipstjóra hefur verið unnið eftir.

Nefndarálit

Nefndin telur ástæðu óhappsins vera þá að öryggisbúnaður við kútinn sem notaður var hafi ekki verið í lagi.

Nefndin bendir á nauðsyn þess að fylgst sé vel með ástandi þeirra tækja sem geta verið hættuleg í meðförum. Þá bendir nefndin á mikilvægi þess að ávallt séu notuð hlífðarglæraugu þegar unnið er með efni sem eru ætandi og sótthreinsandi.

Nefndin bendir einnig á að unnið sé eftir þeim skriflegu verklagsreglum sem fyrir liggja.